

Alþingi, félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík, 19. apríl 2006

TILVÍSUN
2006040096

Efni: tillaga til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 69. mál.

Með bréfi dags. 5. apríl 2006 óskar félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 69. mál.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd til að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með barn á framfæri með tilliti til skatta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra. Skal nefndin kanna það hvort núgildandi skattalög hafi áhrif á það að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti. Hún skal skila skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2006.

Án þess að leggja mat á tilefni eða þörf til skipunar nefndarinnar leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á eftirfarandi atriði.

Verkefni nefndarinnar samkvæmt tillögunni yrði mjög umfangsmikið. Felur það í sér úttekt á áhrifum löggjafar á sviði skattamála og tryggingamála á stöðu mismunandi fjölskylduforma. Ennfremur er henni ætlað að gera úttekt á því hvaða áhrif núverandi skattalög hafa á það hvaða fjölskyldu- og sambúðarform fólk velur sér. Með hliðsjón af þessum umfangsmiklu verkefnum má ljóst vera að þau tímamörk sem sett eru, þ. e. skila skýrslu fyrir 1. desember 2006, er fullkomlega óraunhæf.

Fjármálaráðherra hefur fyrir nokkru skipað nefnd til þess að gera úttekt á skattalögunum. Verkefni þeirrar nefndar sem hér er lagt til að skipuð verði virðast í flestum atriðum geta fallið að verkefnum þeirrar nefndar og því álitamál hvort ekki væri hentugra að tryggja það að hún taki þau til meðferðar.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson